

**Lög**  
**Íslandsdeildar Amnesty International**

*(Eftir breytingar á aðalfundi 2020)*

1. gr. Samtökin heita Íslandsdeild Amnesty International. Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 119/2019 um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.

2. gr. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr. Tilgangur Íslandsdeildar Amnesty International er að vinna að markmiðum alþjóðasamtakanna Amnesty International svo sem þau eru fram sett í 1. og 2. gr. samþykktu þeirra, en þar segir:

- Amnesty International stefnir að heimi þar sem sérhver einstaklingur fær notið allra þeirra mannréttinda sem er að finna í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum mannréttindasamþykktum. Með það að markmiði mun Amnesty International sinna rannsóknum og grípa til aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir og binda enda á alvarleg brot gegn þessum réttindum.
- Amnesty International er samfélag manna um heim allan, sem standa vörð um mannréttindi á grundvelli alþjóðlegrar einingar, virkra aðgerða í þágu einstakra fórnarlamba, alþjóðlegrar starfsemi, algildis og órjúfanleika mannréttinda, óhlutdrægni og sjálfstæðis, lýðræðis og gagnkvæmrar virðingar.

Grein þessi skal vera háð breytingum þeim, sem gerðar kunna að vera á samþykktum alþjóðasamtakanna en jafnan skal kynna slíkar breytingar á aðalfundi. Að öðru leyti verður grein þessari ekki breytt.

4. gr. Samtökin eru deild í alþjóðasamtökunum Amnesty International og skulu í stefnu sinni og störfum fylgja markmiðum og starfsreglum þeirra og starfa í anda þeirra í hvívetna.

5. gr. Íslandsdeild Amnesty International er óháð stjórn mála- og trúmálhreyfingum og tekur ekki stjórn mála eða trúarlega afstöðu. Sama á við um starfshópa hennar og einstaka félagsmenn, sem koma fram í nafni hennar. Félagsmenn deildarinnar skulu í starfi sínu í hennar nafni eða á hennar vegum varast hlutdrægni og gæta heildarjafnvægis í starfi sínu fyrir þá sem

sæta mannréttindabrotum í hinum ýmsu ríkjum heims, óháð stjórn málaafstöðu þeirra eða þjóðskipulagi.

6. gr. Aðild að Íslandsdeild Amnesty International geta átt þeir einstaklingar sem styðja markmið og starfsemi samtakanna. Félagar greiði tilskilið árgjald og hafi þeir ekki gert það innan níu mánaða frá gjalddaga er Íslandsdeild Amnesty International heimilt að fella nafn þeirra af félagaskrá. Gjafir og styrktarfé skulu renna óskipt til að vinna að framgangi markmiða deildarinnar. Stjórn deildarinnar hefur heimild til að víkja félagsmanni úr henni þyki hann brjóta lög hennar. Þeirri ákvörðun stjórnar getur félagsmaður skotið til aðalfundar eða aukaáalfundar, sem tekur endanlega ákvörðun um brottvikningu. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

7. gr. Stjórn Íslandsdeildar Amnesty International getur sett á laggirnar sér til ráðgjafar starfsnefndir eða ráðgjafahópa skipaða einstaklingum með sérþekkingu á tilteknum málum, til að móta stefnu/afstöðu deildarinnar til einstakra mála. Ákveði stjórn að stofna slíka starfseiningu ber stjórninni að setja henni sérstakar starfsreglur í samræmi við markmið og tilgang Amnesty International. Stjórn Íslandsdeildar Amnesty International tekur endanlega ákvörðun um niðurstöður slíkra hópa að fengnum tillögum þeirra. Deildin skal halda skrá yfir slíka hópa og skal hún vera tiltæk fyrir alþjóðaskrifstofuna og féлага deildarinnar.

Hópar og félagsmenn skulu starfa samkvæmt lögum Amnesty International, vinnureglum og fyrimælum, sem heimsþing Amnesty International (GA Global Assembly) setur á hverjum tíma, lögum Íslandsdeildarinnar og þeim reglum, sem aðalfundur setur deildinni.

8. gr. Stjórn Íslandsdeildar Amnesty International skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, kosnum til tveggja ára í senn á aðalfundi. Formaður skal kjörinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Að jafnaði skulu á hverjum aðalfundi kjörnir tveir meðstjórnendur og einn varamaður.

Félagskjörnir skoðunarmenn skulu kjörnir á aðalfundi eftir sömu reglum. Endurkjör er heimilt.

9. gr. Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International skal haldinn í marsmánuði ár hvert. Stjórn deildarinnar skal boða til fundarins með 10 daga fyrirvara í fréttabréfi eða á hliðstæðan hátt. Fundurinn fer með æðsta vald í málefnum deildarinnar, hefur með höndum eftirlit með störfum stjórnar og markar deildinni stefnu í samræmi við lög Amnesty International,

ákvarðanir heimsþing (GA Global Assembly ) og laga þessara. Á fundinum skulu tekin til afgreiðslu eftirtalin mál:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfsáætlun fyrir komandi ár lögð fram. Í skýrslunni skal árangur nýliðins starfsárs borinn saman við starfsáætlun fyrir það ár og skýringar gefnar á frávikum.
- Skýrsla stjórnar um fjárhag samtakanna og fjárhagsáætlun kynntar. Í skýrslunni skal árangur nýliðins starfsárs borinn saman við fjárhagsáætlun fyrir það ár og skýringar gefnar á frávikum.
- Ársreikningar deildarinnar fyrir nýliðið starfsár ásamt fjárhagsáætlun komandi starfsárs lagt fram til samþykktar
- Kosning stjórnar og félagskjörinna skoðunarmanna.
  - a. Kosnings formanns.
  - b. Kosning meðstjórnenda.
  - c. Kosning vararstjórnarfólks.
  - d. Kosning tveggja skoðunarmanna.
  - e. Niðurstaða kjörnefndar kynnt og fráfarandi stjórn leyst undan ábyrgð.
- Ákvörðun um upphæð árgjalds og afsláttar af því fyrir þá félaga sem eru virkir þátttakendur í ungliðahreyfingu deildarinnar.
- Lagabreytingar.
- Önnur mál.

Aðalfundurinn er opinn öllum. Kjörgengi hafa allir sem náð hafa 18 ára aldri og aðhyllast stefnu samtakanna. Nái aðili kjöri skal hann gerast félagi án tafar hafi hann ekki verið það áður. Kosningarétt á aðalfundi hafa þeir einir, sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins starfsárs eða mánaðarlegu framlagi sem því nemur. Greiðsla árgjalds þarf að hafa borist 50 dögum fyrir aðalfund. Hver þeirra hefur eitt atkvæði í atkvæðagreiðslum um mál á fundinum en skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála sem þeir eru vanhæfir að fjalla um skv. vinnureglum deildarinnar um hagsmunaárekstra. Falli atkvæði jafnt við atkvæðagreiðslu skulu atkvæði talin á ný og falli atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða. Séu niðurstöður atkvæðagreiðslu dregnar í efa skal aðalfundur ráða.

Ætla skal nægan tíma fyrir umræður og til að gefa fundamönnum kost á að leggja spurningar fyrir stjórn. Vinnist ekki tími til að svara öllum framkomnum spurningum skal fundaritari skrá

þær og stjórn sjá til þess að svör við þeim verði birt félagsmönnum á vef samtakanna eins fljótt og verða má eftir aðalfundinn. Fundaritari skal skrá efnisatriði umræðna og skulu þau nýtt eftir því sem kostur er til að bæta áætlanagerð og stefnumörkun deildarinnar. Aukaaðalfund skal halda ef þess er krafist af þremur stjórnarmönnum, fimmtíu félagsmönnum eða alþjóðlegu framkvæmdastjórninni (IB).

10. gr. Starfsár deildarinnar og reikningsár er almanaksárið. Ársreikningar skulu lagðir fyrir endurskoðanda og skoðunarmenn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund.

11. gr. Formaður boðar til stjórnarfundar. Honum er skylt að halda stjórnarfund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundur eru ályktunarhæfur þegar minnst þrjú stjórnarmenn sitja hann eða eru í símasambandi við þá sem sitja hann. Formenn starfshópa og ungliðahreyfingar deildarinnar skulu sitja stjórnarfundum sem áheyrnafulltrúar, þegar þeir eða stjórnin telur það æskilegt. Áheyrnafulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðarétt.

12. gr. Stjórnin boðar til félagsfunda með dagskrá, þegar ástæða þykir til. Skylt er að halda félagsfund, ef tveir stjórnarmenn eða tíu félagsmenn krefjast þess.

13. gr. Ef félagar Íslandsdeildar Amnesty International telja þörf á því að hafa afskipti af einstökum málum innanlands, skulu þau afskipti ætíð vera í samræmi við þau ákvæði alþjóðasamtakanna, sem gilda þar um á hverjum tíma.

14. gr. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á rekstri deildarinnar gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu sem stjórnin setur.

15. gr. Lögum Íslandsdeildar Amnesty International verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess atkvæði a.m.k. 2/3 hluta þeirra, sem fundinn sitja. Óski félagsmenn að gera tillögur til breytinga á lögum deildarinnar, skulu þeir koma breytingartillögum til stjórnarinnar fyrir 15. febrúar til þess að unnt sé að kynna þær í fundarboði.

16. gr. Íslandsdeild Amnesty International verður aðeins lögð niður með lögum, með ákvörðun alþjóðlegu framkvæmdastjórnarinnar (IB) eða með ákvörðun aðalfundar, þar sem mættur er þriðjungur félagsmanna og með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hætti deildin

að starfa eða verði lögð niður skulu eignir umfram skuldir renna til Amnesty International. Þessu ákvæði verður ekki breytt.

17. gr. Þar sem ákvæði þessa samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi 18. júní 2020